

## Fort Rouge Theatre

P. M. B. and C. M. B.

## AGÆTT HREYFIMYNDANDIS

Besta myndir sjóðar þar.

J. JONASSON, EIGANDI.

Það er  
alveg  
vístað það borg-  
ar sig að aug-  
lýsa í Hei-  
skringlu!GRANAM, HANNESSON &  
McTAVISH

## LÖGFRÆÐINGAR

## GIMLI

Skrifstofa opin hvern föstu-  
dag frá kl. 9-10 að kveldinu  
og laugardaga frá kl. 9 f. h.  
til kl. 6 e. h.PERFECT  
eða  
Standard  
Reiðhjóleru gripir sem allir þurfa að fá sér fyrir  
sumarið. Því þá munda menn vera vissir  
um að verða á undan þeim sem eru á  
öðrum hjólum.Einnig seljum við hjól sem við höfum  
breytt svo á viðalegan hátt að þau  
eru eins góð og ný einn, eru þó ódýrari.  
Gæmum við reiðhjól, bíla, motorhjól og  
hlitt og þetta.CENTRAL BICYCLE  
WORKS

566 NOTRE DAME AVENUE

PHONE GARRY 121

S. Matthews, Eignandi

CRESCENT  
MJOLK OG RJOMIer svo gott fyrir börnin, að  
mæðurnar gerðu vel í að nota  
meira af því.

## ENGIN BAKTERIA

lífr 4. mjólkinni eftir að við  
höfum sótthreinsað hana.  
Þér fáið áreiðanlega hreina  
vöru hjá oss.

TALSÍMI MAIN 1400

## Þú kunningi

sem ert mikill að heiman  
þeir eru að fara. Þú kunnur reikna  
veitir þér þá ástæðu að  
gista á.

## Strathcona Hotel

sem er líkara heimili en  
gæðhúsi.

Horninu á Main og Rupert St.

Fitch Bros., Eignendur

## Moler Hárskurðar skólinn

Nemandur borgar gott kaup meðan  
þeir eru að fara. Þú kunnur reikna  
veitir þér þá ástæðu að  
gista á.

KING &amp; PACIFIC ST.

## MOLER BARBER

## COLLEGE

St. Paul Second Hand Clothing  
StoreBorgar henta vör fyrir gæmdu fot af ung-  
um og gömlum, skóla, leikföngum, öðru  
til kl. 10 á kvöldin.

H. ZONINFELD

355 Notre Dame Phone G. 88

## Endaskifti.

(Grein þessi sá hvar fer áttir. Þótt hún sé aðallega samín útaf ástæðu  
þeirri sem á margan hefur sótt nú í seinni tíð heima á Íslandi, að taka sér  
upp viðurnefni, er þess efnis að hún getur ekki heitið oss alveg óviðkom-  
andi hér vestra. Greinin er að mörgu leyti gaman þó henni fylgi full  
alvara. Datt oss í hug er vér lásum hana, að hafi heitið átt að vera hér  
kunnugur vestra og hafa kynst sér nöfn skólabarna hér, einsog þau eru  
sett á nemendaskrá alþýðuskólanna, og birtast svo í alþýðuskóla  
skýrslunum í biðunum. Börnin sem kölluð eru ýmsum gælu nöfnum  
í heimahúsi, er þau fara fyrst á skólann nefna sig þeim nöfnum. En  
kennarnir sem flestir eru enskir og ekki þekkja mannanöfn íslenskrá  
hluta heitum, innrita svo þessi nöfn barnanna á skólaskrána. Verða  
þá skirnar nöfn margra íslenskra barnanna heldur afkáraleg og engu betri  
en nöfnin í talsmáskránni í Reykjavík. Auðvitað skilja þá allir að  
þetta er foreldraanna skuld, er hvorki hafa hugsun eða vilja á því að  
heimta að kennarinn nefni börn þeirra réttu nafni, né heldur kenna  
barninu að bera virðingu fyrir nafninu sínu. Er það þó, menningar-  
stríði ekkert lítið, þó smátt megi virðast. Þannig er það algengt að  
börnin heita "stytta nafninu" Ben, Dora, Lauga, Joe, Geiri, Mike, Róna,  
Sella, Villi, o.s.f. Grein þessi ertekin úr "Birkibéinn" júní blaðinu,  
síðasti ári.)

Oft verður það í orðaskaki milli ungra sveina, að annar kveðst hafa  
svo í öllum höndum við hinn, að hann gæti haft á honum endaskifti.  
En hitt hefur eigi verið talið til mikilmennsku fyrr en nú, að hafa endaskifti  
á sjálfum sér eða nafninu sínu. Komist hefur það fyrir að mönnum hefur  
þótt snjallræði að hafa endaskifti á réttu og röngu, og oft hefur það  
gefið vel að hafa skifti á réttu nafni og röngu. Er þá á nægum dæm-  
um að taka. Skal hér minnst á Þormóð Kolbrúnarskáld, þá er hann löf-  
ur til Grænlands að hefna Þorgeirs fóstbróður síns. Nefnist hann þá Tor-  
ráðr, Ósvirf o.s. frv. Helgu-Steinarr nefnist og Gestr þá á Grænlandi,  
er hann villi dýllast. En aldrei varð mönnum það fyrir, að hafa enda-  
skifti á réttu nafni, að minsta kosti eigi með þeim heiti, er nú tíðkast,  
og aldrei nefndi Þormóðr sig Berseken. Þó var hann oft og lengi erlend-  
is og heiti því haft nægan tíma til að læra að skammast sín fyrir tungu  
og síði teðra sinna, ef hann heiti verði næmur á þá hluti.

En, "hver em eg að og líki mér við Sirak?" Og því er eg að bera  
þessa gömlu menn saman við svo hámentaðan lýð sem þann, er lærir nú  
á nokkrum dögum í Kaupmannahöfn þessa nauðsynjalist, að vilja ekki  
heita réttu íslensku nafni, og þarf jafnvel ekki að fara heimánað til þess,  
og ekki einusinni suður fyrir Reykjaness, einsog maðurinn sem þekti  
hrifuna; sem þarf naumast nema hvítt líti upi hálsinn til þess að finna  
til þess, hve mannskemmaði það er að heita ekki neinu göfugu settar-  
nafni, sem endar á sen, ef vel á að vera. Þá dæmis að taka:—Arillussen,  
Bjarmannsen, Daðmarsen, Elivarðsen Friðbertsen, Gottlífsen, Hiram-  
sen Jóhannsen Kristrúðsen, Marjónsen, Nikodemussen, Ottoniussen, Par-  
messen, Þorðsen, Sigurðsson, Tubalsen, Vilbergsson, Þorðsson eða  
því um líkt. Þessi hámentaði lýður vill fítra öðrnar kynslóðir slíku  
bóli, er sjálfum þeim hneit við hjarta. Hlýtur þeim að sárna það, hversu  
seint vinst og unnið hefir. Þó mega þeir nú vera vöngóðir um fram-  
gang þessa máls, fyrir því að aðimargir gerast nú vinveittir endaskiftum  
á réttu og röngu bæði í öðrum hlutum og einkum í þessu. Hafa ýmsar  
opinberar stofnanir nú tekið að sér að líta fyrir, svo sem niðurförnu-  
arnefnd og landsmáttjórn. Raunar hlýtur galdkerja þájarins að verða  
leit úr hverju mannsnafni, því að engum manni er það gefið að vita um  
hvern mann, hvers son hann er. En niðurförnuarnefndin er svo úr-  
garði gjörð, að þar stendur t.d. Bjarnason, Ingibjörg; Gunnarsdóttir  
Gunnar kaupm. Má af þessu sjá, hvert erliði gjaldkerinn hefir, þegar  
hann á að taka við útsvari þeirra manna, er endaskifti hafa verið höfð  
á nafni þeirra og stundum kyni. En hvað sakar það? Mikil skal til  
mikils vinna.—Taki menn endaskiftaskrár smástjórnar, þá finna þeir  
engann mann fyrr en þeir hafa spurst fyrir á smástjórninni, hverju ónafni  
sé á þann mann k'nt, ef stóðin þá veit það. Stjórnarfélag hefir af  
þessu ærinn vinnuauka og tímatíð eigi síður en símanotkun. En þeir  
verða að fara í dauðaleit að nafninu, þegar alt um þrotnar, þ.e.s. leita  
í einhverju gömlu nafnatáli, þar sem rétt eru nöfnin. En mikil skal til  
mikils vinna og telja menningarfrómuðir vorir slíkt eigi eftir sér né öðrum  
því að slíkar opinberar skrár hljóta að líta fyrir menningarstarfi þeirra;  
að hafa endaskifti á nöfnum manna og vilja um kyn. Með þeim heiti  
tekst að skýra það, sem fáir hafa áður skilið, hversu því megi til leiðar  
snúa, að framstykkið dætti aftan af.

Þetta kunnugi eigi forleður vorir. Þeir hétu því nafni, sem þeim var  
gefið, og karlmennt voru synir teðra sinna, en kvenmenn dætur. Öðru  
máli er nú að gegna, því að nú eru konur svo fjölbreyttar, að þær eru  
ýmist bræður bræðra sinna eða þá bræður manna sinna eða tengda-  
teðra. Gamla aðferðin þykir nú klaufamark og lýsa því, að vér fylgjumst  
eigi með í menningarstríði þjóðanna.

Munur hefið verið, ef forleður vorir hefið séð fyrir nafnanað vora á  
þessum tímum, og hafið sjálfir þá menningarstefnu, sem hér er um að  
ræða. En eigi þáru þeir gætu til þess, heldur rann ároði endaskifta-  
dagsins á menningarhimin voru undir lok einokunardarinnar. Og í  
landshagsskýrslum 1885 finnst fyrsti árangurinn. Eru þá eftirlitandi  
undurfógar ættarnöfn, en margt ágætt hefir bætt við sjðan.

Eftirlitandi nafngatal sýnir að fornmennt hefið alveg eins getað fundið  
þau upp, hefið þá eigi skort mentun til:

Arnesen hefið átt að finna.....Ingólfur Arnarson.  
Austmann hefið átt að finna.....Eyvindur austmaðr.  
Bachmann hefið átt að finna.....Illugi svartí. (Þá hefið til dæmis  
Gunnl. ormsunga heitið Gunnl.  
Bachmann).  
Bardal hefið átt að finna.....Gnúpa-Börðr.  
Bech hefið átt að finna.....Ólafr bekkir ór Bjarkay.  
Blöndal hefið átt að finna.....Eyvindur sörkvr.  
Bergmann hefið átt að finna.....Böðvar hvíti Þorleifsson.  
Björnsen hefið átt að finna.....Þorkell trefill sonur Rauða-Bjarnar.  
Björnsted hefið átt að finna.....Ásmundur hærulagr (Grettir Berg-  
sted).  
Borgfjörð hefið átt að finna.....Tungu-Öðr.  
Borgsted hefið átt að finna.....Finnbogi rammi.  
Breiðfjörð hefið átt að finna.....Geirmundr heilarskinn.  
Briem hefið átt að finna.....Flóki Vildgerðarson.  
Egilsen hefið átt að finna.....Hallidór Egilsson, talinn einn af  
mestu höfðingjum landsins, er  
Gizur dó, bisk.  
Einarsen hefið átt að finna.....Gizur Einarsen, er sveik Ógmund.  
Espólin hefið átt að finna.....Hámundur heilarskinn.  
Finsen hefið átt að finna.....Þorgeirr, forlaðir Brands bisk.  
Fjelsted hefið átt að finna.....Þórðr Illugi, sonr Eyvindar eiki-  
króks.  
Gröndal hefið átt að finna.....Þorkell háfi á Gkenavatu; (að gera  
dal úr vatni er hefið. skáldalegt).  
Gugmundsen hefið átt að finna.....Magnús göði.  
Gunnarsen hefið átt að finna.....Grani Gunnarsson.  
Hjalteinn hefið átt að finna.....Jón Arason.  
Hjaltested hefið átt að finna.....Hjalte, son Þórðar skálp.  
Isbjörð hefið átt að finna.....Hávarðr Isbjörðr.  
Johnsen hefið átt að finna.....Afkomendr Jóns lögmans Einars-  
sonar.  
Kolbeinsen hefið átt að finna.....Afkom. Kolbeins Sigmundssonar í  
Kolbeinsdal.  
Laxdal hefið átt að finna.....Höskuldur Dala-Kollsson.  
Lindal hefið átt að finna.....Skinnu-Björn.  
Magnusen hefið átt að finna.....Af. Magnúsar Biskups.  
Meisted hefið átt að finna.....Öðdr. Ötelgsson.  
Norðfjörð hefið átt að finna.....Egill enn rauði.  
Norðmann hefið átt að finna.....Geirr í Geiradal.  
Oddsen hefið átt að finna.....Hallbjörn, sem Hallbjarnarvörður  
eru við kendir.

Olsen hefið átt að finna.....Magnús konungur göði.  
Ottosen hefið átt að finna.....Hallfréðr vandráðaskáld.  
Reinholt hefið átt að finna.....Björn at Reyni (forlaðir Þorláks  
helga).

Reykdal hefið átt að finna.....Clfr undir Skrattefelli.  
Reykjalín hefið átt að finna.....Torfi Valbrandsson.  
Schulesen hefið átt að finna.....Geirlaus Skúladóttir, Gunnóts son-  
ar kroppu.

Sivertsen hefið átt að finna.....Áslaug dóttir Sigurðar Fátisbana.  
Svendsen hefið átt að finna.....Knútr ríki Dana konungr.  
Sverresen hefið átt að finna.....Af. Sverris konungs.  
Thorarensen hefið átt að finna.....Af. Þórarins króks.

Thorberg hefið átt að finna.....Afkom. Þorbergs úr Isafirði.  
Thordersen hefið átt að finna.....Ett Höfða-Þórðar.  
Thorgrimsen hefið átt að finna.....Snorri göði.  
Thorlacius hefið átt að finna.....Þórhallur faðir Þorláks helga.

Thoroddson hefið átt að finna.....Skafli lögsögumaður.  
Thorsteinsson hefið átt að finna.....Karl rauði og þeir frændr.  
Thorstenen hefið átt að finna.....Ingimundur enn gamli.  
Vaage hefið átt að finna.....Herjólfur frændi Ingólfs, (nam land  
milli Vágs ok Reykjaness).

Vestmann hefið átt að finna.....Af. Vestmanns landam.  
Öfjörð hefið átt að finna.....Einar Þverægur.

En hinu var naumlegast við að búast, að fornmennt hitti á Eggerz, Guð-  
johnsen (H.) Jalmarsen, Jonassen, Kjærstedt, Matthiesen, Salomonsen,  
Sandholt, Stephensen eða Væðholm. Áttur hefið þeir geta látið Mið-  
fjarðar-Skegja heita S. Miðfjörð; Þorkell hákr mátti kallast Th. Lange,  
þá hefið þeim hugkvæmt fleiri ættarnöfn svo sem: Geirdal, Svindal,  
Langdal, Breiðdal, Skattfjörð, Örfjörð, Kollfjörð, Hvalfjörð, Galtalín,  
Mjaltalín, Möhrakallín eða önnur þáðanað betri. En best hefið þó  
verið, ef þeir hefið farið svo viturlega að sem niðurförnuarnefndin og  
smástjórnin og haft endaskifti á nöfnumum. Þá mundi fundist hafa  
tilþrít hjá Snorra Sturlusyni, sem hefið mátt verða fyrirmynd fyrir  
menningarmáli nútímans. Hér er dæmi úr Egils sögu Skallagrímssonar

## I. Á hinu "klossaða" bøndamáli

## Snorra

Þá er Egill var tölf vetra gam-  
all, var hann svá mikill vexti, at  
fáir vöru menn svá stórir ok at  
afli búna, at Egill ynni þá eigi  
flesta menn í leiknum. Þann vetr,  
er honum var hinn tölfli, var  
hann mjök at leikum. Þórðr  
Granasen var þá á tvisugs aldri.  
Hann var sterk at afli. Þat var  
oft, er á leið vetrinn, at þeim  
Agli ok Þórði tveimr var skift  
í móti Skallagrími. Þat var eitt  
sinn um vetrinn, er á leið, at  
knattleikr var at Borg suðr í  
Sandvík. Þá vöru þeir Þórðr í  
móti Skallagrími í leiknum, ok  
mæddist hann fyrir þeim ok  
gekk þeim léttra. —Enn um  
kveldit eftir sólarfall þá tók þeim  
Algi verr at ganga. Gjörðist  
Gríma þá svá sterk, at hann  
greip Þórð upp, ok keyrði niðr  
svá hart, at hann landist allr.  
ok fekk hann þegar bana. Síðan  
greip hann til Egils. Þorgeir  
Brák hét ambátt Skallagríms.  
Hon hafði fóstret Egil í barn-  
esku. Hon var mikil fyrir sér,  
sterk sem karlar ok fjölkunnug  
mjök. Brák mælti: "Hannast  
þú nú, Skallagrím, at syni þín-  
um".

Með dulafullum fyrirbrögðum má sanna cilft líf og margt fleira,  
og með dulafullum fyrirbrögðum má sanna, hversu erlitt forleður vorum  
teitist að skilja menningarmáli, aðaldráttur hér á landi. Það bar við  
fyrir skómu að miðstöðin í Reykjavík var kölluð til viðtals við Lágafell  
í talsmanum. Það samtal var svo:

## SÍMTAL

Reykjavík—Lágafell

Lgf: Þringir  
Rvk: Halló—hallo-ó!  
Lgf: Mæl þú svá, at ek mega skilja  
Rvk: Hver þar?  
Lgf: Egill heiti ek, en hver er þú?  
Rvk: Þórvörðurinn  
Lgf: Veit ek hvar vörðr er, enn fón kenni ek eigi.  
Rvk: Fónn er nýgjörflingur sem þeir áttu saman redacteur Bjarnesen  
og redakteur Ólafsen.  
Egill: Þetta munu vera skrálinganöfn ok mun fónn vera sonr þeirra  
skrálinga er svá heita, en þú talar í málrónum.  
Rvk: Hvaða bölvuð vitleysa er í karlinum. Þórvörður er sama sem  
símavörður.  
Egill: Segja máttir þú þat í upphafi. Skil ek at þú munir halda vörð  
vörð við enda talsíma þess, er ek sé liggja heðan til Reykjaví-  
kvr. Er mér forvitni á at vita, hvárt síma er til Hjarðarholts  
í Dölum vestr.  
Rvk: Já, í hvern ætlið þér að fóna.  
Egill: Mæl eigi slíkt krakumál.  
Rvk: Við hvern ætlið þér að tala?  
Egill: Við Þorgeir dóttur mína.  
Rvk: Það er engin fróken Egilsson í Hjarðarholti.  
Egill: Þorgeir dóttir hon Egilsdóttir.  
Rvk: Í símaskránni er engin Egilsdóttir. En hvert ættarnafn hafið þér?  
Egill: Engi höfum vér ættarnöfn, Íslendingar, en í landnámssögu mun  
sest mín talin til Brunda-Bjálfa.  
Rvk: Ó, herra Brundeðjálvesen, eg finn ekki fróken dóttur yðar,  
hvernig sem eg ranghvolfi símaskránni. En eftir á að byggja,  
er hún ekki gift.  
Egill: Gift Ójafi þá.  
Rvk: Hefi leitað að frú Þá, frú Höskuldsen og frú Dalakollesen en  
enginn gegnir. Er til vill heitir hún eftir héraðinu. Nú hef  
ég það. (Þringir til Hjarðarholts). Halló! Hjarðarholt,  
Hjarðarholt! Halló. Er frú Laxdal við? (Þringir til Laga-  
fells). Halló! Lágafell! halló! Nú hef ég fundið hana, en  
ósköp er hún geðstír. Eg nefndi hana frú Laxdal með allri  
kurteisni en hún jóf yfir mig skómmunum í staðinn. Gjörð þér  
svo vel herra, Egilsen, Skallagrímssen, Ulfsen eða Brunde-  
ðjálvesen, gerið þér svo vel frú Laxdal.

\* Björn Magnússon Olsen hefir sannað að Snorri hafi ritað Egli.

\* Faðir Kveldúlfis hét Brunda-Bjálfi.

## Norðurljósið

Vinsæla heimilisblaðið á  
gamla landinu. Kemur út í  
hverjum mánuði, 8 bl. í hverju  
blaði eru góðar myndir, heimilis-  
lækningar (l. bl.) og fjölbreytt-  
ar greinar. Margir álita það  
ómissandi á hverju heimili.  
Blaðið er á kristlegum grund-  
veit. 2 árgangur byrjaði í Jan.  
1913. (1 árg. alveg uppseldur).  
Kostar aðeins 30 cent. (borgað  
fyrir fram).

Þantið strax hjá  
MISS J. GILLIS  
500 Victor Street, Winnipeg  
(Bóklafr smú sér til útgæland-  
sna. Arthur Gook, Akureyri lee-  
land.

## Kveld og dagakvöld

## Manitoba School of Telegraphy

305 MAIN STREET, WINNIPEG

McLean Block

I. INGALDSON, Eignandi

Komitte eða skrifstofu eftir upplýsingum

## THE DOMINION BANK

Bonal Notre Dame og Sherbrooke Str.

Höfuðstöðv. appb. \$4,700,000.00

Varasjóður - \$5,700,000.00

Allar eignir - \$70,000,000.00

Vér öskum eftir viðskiftum vera-  
lúna manna og býrgæmst að gæla  
þeim fullangugi. Sparisjóðaleið ver-  
er að stjerna sem nokkur banki  
hefir í borginni.  
Íbúðar þessa hluta borgarinnar  
ar öka að skilfa við stofnun sem  
þeir vita að er algengra trygg-  
Nafa vort er fullrygging óháð-  
leika. Byrjið spari innleggið fyrir  
sjálfa yðar, koma yðar og börn.  
C. M. DENISON, ráðgjafi.  
Phone Garry 3450

Agrip af reglugjörð  
um heimilisréttarlönd í Canada  
Norðvesturlandinu.

Sérhver manneskja, sem fjölskyldu  
hefir fyrir að sjá, og sérhver karlma-  
nur, sem orðin er 18 ára, hefir heimilis-  
rétt til fjölskyldu úr section af öðrum  
stjórnarlandi í Manitoba, Saskatchewan,  
Alberta, British Columbia, Ver-  
wan og Alberta. Umsækjandi ver-  
ur sjálfur að koma á landskriftu  
stjórnarinnar eða undirskriftu í því  
héraði. Samkvæmt umbóti og með  
sérstökum skilyrðum má faðir, móðir,  
sonur, dóttir, bróðir eða systir um-  
sækjandans sækja um landskriftu  
hans hönd á hvaða skrifstofu sem er.  
Skilyrði.—Sex mánaða áhöf á ári og  
ræktun á landinu í þrjú ár. Landmenn  
má þó búa á landi innan 9 mílna frá  
heimilisréttarlöndinu, og ekki er muna  
en 80 ekrur og er eignar og aðbær-  
jörð hans, eða fóstur móður, sonar,  
dóttur bróðir eða systir hans.  
Í vissum héraðum hefir landmann,  
sem fullnægir hefir landtöku skilum  
sláum, forkauprétti (pre-emption) að  
sectionarförðungi afstömu við land  
átt. Verð \$2.00 ekrum. Skilyrði.—  
Verður að stjla 6 mánaði af ári á  
landinu í 3 ár frá því er heimilisréttar-  
landið var tekið (að þeim tíma með-  
töldum, er til þess þarf að ná eignar-  
bréfi á heimilisréttarlöndinu), og 80  
ekrur verður að yrkja aukreitti.

Landtökumaður, sem hefir þegar  
notað heimilisrétt sinn og getur ekki  
að forkauprétti (pre-emption) á  
landi, getur keypt heimilisréttarlönd  
í sérstökum héraðum. Verð \$3.00 ekr-  
um. Skilyrði.—Verðið að stjla 4 má-  
naði á landinu á ári í 3 ár og rækta 80  
reisa hús \$200.00 virði.

W. W. COHY,  
Deputy Minister of the Interior.

## Dixon Bros.

## KJÖT OG MATVÖRUSALAR

Þegar þér villið fá besta kjöt, fisk  
fuglakjöt, eða garðavæði, þá heim-  
sekið oss. Verð sanngjart

Síma pantanir fá hljóta afgreiðslu.

## 637 Sargent Ave.

Næst við Good Templar Hall

Phone Garry 273

Office Phone 3128

## I. INGALDSON

193 MIGHTON AVENUE

Umboðsmaður

Continental Life Insurance

417 McIntyre Block

WINNIPEG

## PAUL BJARNASON

FASTEIGNASALI

SELUR ELDS-LÍFS OG SLYSA-

ABYGGJÖR OG TVEGAÐ

PENINGALAN

WYNNYARD, SASK.